

Til stjórnarskrárnefndar
Stjórnarráði Íslands
Reykjavík 150

Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár Ísland			
Málsnr.	04120008	Aðm.	PP
Db.	07.06.05	Aðrir	
Mótt.		Svarfr.	
Aths.		LVM	

Kópavogi 3. júní 2005

Erindi til nefndarinnar: Krafa um aðskilnað ríkis og kirkju

Samkvæmt stjórnarskrá getum við, þegnar íslenska ríkisins, valið okkur trúarbrögð að geðþóttá eða verið án trúar á guð eða guði. Í orði kveðnu ríkir því trúfrelsi á Íslandi. Þegar kemur að framkvæmdinni blasir annað við því einni grein í einni tegund trúar er gert hærra undir höfði en öðrum. Hin evangelíkska lútherska kirkja nýtur fullkominna sérréttinda með því að vera gerð að þjóðkirkju.

Með þessu er grundvöllurinn undir raunverulegu trúfrelsi brostinn. Með því að hygla einni kirkjudeild í einni tegund trúar er þegnum ríkisins mismunað gráflega – ekki síst þeim er standa utan trúfélaga en eru engu að síður krafðir um “sóknargjöld” – sem síðan renna til Háskóla Íslands. Það stenst engan veginn að halda því fram að þeir sem eru utan trúfélaga haldi borgaralegum réttindum sínum þegar þeir fá á engan hátt notið þeirra gjalda sem þeim er gert að greiða sem ígildi sóknargjalda.

Í nútíma fjölmenningsgarlegu samfélagi er alrangt að blanda saman ríkisvaldi og kirkju. Það er báðum stofnununum til tjóns og vansa. Nokkur dæmi koma upp í hugann og nefna má: Mörg ágreiningsmál rísa milli ríkis og kirkju vegna jarðeigna sem báðir aðilar telja sig eiga; Ríkistrúarbrögðin hafa forgang í kennslu um trúarbrögð í grunnskólunum; Prestar ríkiskirkjunnar fá aðgang að skólatímanum fyrir fermingarfræðslu; Margar stofnanir telja sér skylt að sjá til þess að ríkistrúarbrögðin séu iðkuð á þeirra vegum svo sem sjúkrahús og grunnskólar – jafnvel leikskólar; Alþingi Íslendinga getur ekki hafið störf án þess að ganga fyrst til kirkju; Ríkisútværpið lætur lesa bænir kvölds og morgna og flytur messu í hverri viku.

Það er því tómt mál að tala um að trúfrelsi ríki í þessu landi á meðan einn anginn í einni tegund trúarbragða er kölluð “þjóðkirkja” og þar með gerð að ríkistrú með því að að ríkisvaldið heldur henni einni á lofti. Trú er einkamál hvers og eins og á hvorki að vera iðkuð eða studd af ríkisvaldinu. Málið snýr verst að þeim sem standa utan trúarsafnaða en eru skikkaðir til þess að greiða gjöld sem þeir njóta á engan hátt.

Því er það skýlaus krafa til nefndarinnar að hún leggi til að skilið verði á milli ríkis og kirkju.

Virðingarfyllst

Jórunn Sørensen

Jórunn Sørensen
Hlíðarhjalla 2a
200 Kópavogi